

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTANEFND

Landsfundarályktun 2015

Atvinnufrelsi, virk samkeppni og skilvirkt skattkerfi eru forsendur efnahagslegra framfara. Hagkvæm nýting auðlinda, bæði mannaúðs og náttúruauðlinda, er einnig forsenda velferðar og góðra lífskjara. Atvinnugreinar á Íslandi þurfa að búa við a.m.k. jafngóð skilyrði og atvinnugreinar í nágrannalöndunum. Til þess að Ísland standist alþjóðlega samkeppni um fólk og fjármagn er forgangsverkefni að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Honum á að ná með samstilltu átaki ríkisstjórnar, Seðlabanka og aðila vinnumarkaðarins.

Kjaradeilur og -samningar síðustu mánaða hafa leitt ágalla íslensks vinnumarkaðar berlega í ljós um leið og grafið er undan stöðugleika efnahagslífsins. Endurskoða þarf ferli kjarasamninga frá grunni jafnt á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera.

Helstu áherslur Sjálfstæðisflokksins:

- Lækkun skatta og einföldun skattkerfisins til að draga úr neikvæðum áhrifum og hvötum.
- Bætt samkeppnisumhverfi fyrirtækja með hagsmuni almennings að leiðarljósi.
- Dreift eignarhald á stórum bönkum.
- Breytt hlutverk Íbúðalánasjóðs sem dragi sig út af almennum íbúðalánamarkaði.
- Aukinn sveigjanleiki lífeyriskerfisins og minni tekjutengingar.
- Samspil kjarasamninga, ríkisfjármála og peningastefnu tryggt þannig að verðbólga fari ekki úr böndunum eða vaxtamunur milli Íslands og helstu viðskiptalanda verði úr hófi.

Skattkerfið

Samkeppnishæf starfsskilyrði og hagstætt fyrirtækjaumhverfi eru lykilatriði góðra lífskjara. Vinda þarf ofan af skattahækkunum síðustu ríkisstjórnar og einfalda skattkerfið. Taka verður skattlagningu einstaklinga til endurskoðunar. Stefna ber að því að tekjuskattur og útsvar einstaklinga lækki í áföngum í samtals 25% á næstu árum og að þessu marki verði náð fyrir árið 2025. Einfalt og skilvirkt skattaumhverfi dregur úr hvata til undanskota og eykur vilja til atvinnuþátttöku.

Mikilvægt er að líta til heildaráhrifa skattkerfisins og samspil þess og almannatrygginga. Skattstofnar eiga að vera breiðir og gæta þarf að því að jaðarskattar hafi sem minnst áhrif á ákvarðanatöku og velferð almennings. Lækka þarf tryggingagjald og einfalda virðisaukaskattskerfið, fækka undanþágum og stuðla þannig að meiri skilvirkni. Ekki á að beita virðisaukaskattskerfinu í tekjujöfnunartilgangi eða til stuðnings ákveðnum atvinnugreinum. Nauðsynlegt er að auka hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera án þess að auka skattheimtu. Skoða skal að sveitarfélög greiði ekki virðisaukaskatt af þjónustu og fjárfestingu. Sveitarfélög skuli fá hlutdeild í fjármagnstekjuskatti og sköttum af umferð.

Landsfundur fagnar afnámi stimpilgjalds af lánaskjölum en áréttar að stefnt skuli að afnámi allra stimpilgjalda. Fjármagnstekjuskattur er lagður á nafnvexti og getur það leitt til þess að skattur á raunvexti verði meira en 100%. Mikilvægt er að endurskoða skattlagningu fjármagnstekna, þar með talið skattlagningu leigutekna, sem leiðir fyrst og fremst til herra leiguverðs og meiri skattaundanskota. Fjármagnstekjuskattur verði lækkaður í 10%.

Þá skal lögbundið lágmarksútsvar afnumið.

Mikilvægur liður í að tryggja samkeppnishæfni Íslands er að stjórnvöld stuðli að því að hægt verði að laða að sérfræðipækningu inn í íslenskt atvinnulíf t.a.m. með sérfræðiskattlagningu að sænskri eða kanadískri fyrirmynd.

Landsfundur leggur áherslu á að skattlagning taki mið af greiðslugetu þannig að ekki þurfi að koma til lántöku vegna hennar. Mikilvæg fjármögnun sprotafyrirtækja, eins og umbreytanleg skuldabréf og kaupréttir, er í dag óskilvirk. Frumkvöðlar og fjárfestar eiga ekki að þurfa að borga framhlaðna skatta sem geta bæði leitt til lántöku og taps, falli bréf í verði.

Viðskiptaumhverfi

Hagkvæmt og skilvirkt viðskiptaumhverfi er mikilvæg forsenda efnahagslegrar velferðar til að gera Ísland aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki. Regluverk þarf að vera einfalt og skilvirkt. Viðskiptafrelsi þarf að ríkja á sem flestum sviðum og skattkerfi þarf að hvetja til nýsköpunar og fjárfestingar, meðal annars með skattalegum hvata til hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum og sjóðum. Landsfundur fagnar fyrirhuguðum skrefum í afnámi fjármagnshafta. Mikilvægt er að fjármagnshöftin verði afnumin að fullu fyrir árslok 2016. Í kjölfarið skal gjaldeyriseftirlit Seðlabankans lagt niður.

Frjáls samkeppni er einn af hornsteinunum í stefnu Sjálfstæðisflokksins. Tryggja þarf að samkeppnissjónarmið hafi ríkan sess í lagasetningu. Leita þarf allra leiða til að tryggja öfluga samkeppni á sem flestum sviðum íslensks atvinnulífs, þar með talið í fjármála-, heilbrigðis- og menntakerfinu. Virk samkeppni er neytendum til hagsbóta, en einnig þarf að tryggja öfluga og skilvirka neytendavernd. Brýnt er að regluverk atvinnulífsins verði endurskoðað með einföldun, hagræðingu og aukna skilvirkni að leiðarljósi.

Landsfundur fagnar niðurfellingu almennra vörugjalda. Mikilvægt er að draga enn frekar úr aðgangshindrunum á íslenskum mörkuðum. Landsfundur ályktar að endurskoða beri búvörulögin frá grunni til að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar. Aukið viðskiptafrelsi bætir hag neytenda. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á að samkeppnislög gildi um landbúnað eins og aðrar atvinnugreinar.

Leggja skal áherslu á að Ísland geri fríverslunarsamninga við önnur ríki. Þannig er lagður grunnur að frekari markaðssókn íslenskra útflutningsgreina. Mikilvægt er að ferli við úthlutun opinberra styrkja sé gagnsætt. Skattaumhverfi fyrirtækja á að vera með þeim hætti að ekki þurfi ívilnanir eða afslátt af opinberum gjöldum til að tryggja alþjóðlega samkeppnishæfni.

Koma þarf í veg fyrir kennitöluflakk án þess að gera stofnun fyrirtækja erfiðari eða dýrari.

Fjármálakerfið

Fjármálakerfið á Íslandi er stórt í hlutfalli við landsframleiðslu og óhagkvæmt metið út frá vaxtamun og kostnaðarhlutfalli. Smæð markaðarins og há skattlagning hefur áhrif á kostnað lántaka en þó á að vera svigrúm á komandi árum til að draga úr kostnaði í bankakerfinu og minnka vaxtamuninn. Gæta þarf að því að skattlagning fjármálafyrirtækja bitni ekki á viðskiptavinum bankanna eða á alþjóðlegri samkeppnishæfni bankakerfisins. Landsfundur leggur áherslu á að starfsemi fjárfestingabanka og viðskiptabanka verði að fullu aðskilin. Til að koma í veg fyrir fákeppni þurfa stjórnvöld að gæta að því að lágmarka aðgangshindranir.

Landsfundur telur að skattar á fjármálafyrirtæki eigi að vera almennir og án undanþága. Sér í lagi mega stjórnvöld ekki eyða meiru af opinberu fé til að tryggja viðgang og vöxt sparisjóðakerfisins. Stjórnvöld eiga að lýsa því yfir að bankar starfi á eigin ábyrgð, en ekki skattgreiðenda.

Fyrirséð er að eignarhald á bönkum breytist á næstu árum. Landsfundur áréttar að engin þörf er á eignarhaldi ríkisins á fjármálafyrirtækjum til lengri tíma litið. Tryggja þarf dreifða eignaraðild að bönkum. Mikilvægt er að sölufarli á hlutum ríkisins í viðskiptabönkunum verði opið og gagnsætt.

Reiknistofu bankanna verði breytt og fjármálastofnunum bannað að vera hluthafar.

Landsfundur ítrekar fyrri ályktanir um að Íbúðalánasjóður dragi sig út af almennum íbúðalánamarkaði samhliða endurskoðun á opinberu stuðningskerfi í húsnæðismálum. Eitt af meginverkefnum stjórnvalda á hverjum tíma er að er að skapa umhverfi þar sem flestum gefst raunhæfur kostur á að eignast eigið húsnæði og þar sem að virkur leigumarkaður fyrir íbúðir getur þrífist.

Lífeyriskerfið

Tekjutengingar almannatrygginga gera það að verkum að ábati af lífeyrissparnaði er oft lítill, sérstaklega hjá tekjulágum einstaklingum. Endurskoða þarf samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða og draga úr tekjutengingum. Auknum sveigjanleika við töku lífeyris má ná fram með því að heimila töku lífeyris að hluta á móti hlutastarfi og með því að heimila einstaklingum að fresta eða flýta töku lífeyris eftir hentugleika hvers og eins.

Í núverandi kerfi er verulegur munur á lífeyrisgreiðslum frá sjóðum opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði og kemur þessi munur ekki fram á gagnsæjan hátt í kjarasamningum. Framtíðarskipan lífeyrismála á að stuðla að því að draga úr þessum mun.

Á síðustu árum hefur lífeyrissjóðum fækkað. Stærri og öflugri lífeyrissjóðir með hagkvæmum rekstri og betri áhættudreifingu eru almenningi til hagsbóta. Erlend fjárfesting lífeyrissjóða er mikilvægur hluti af áhættudreifingu þeirra og nauðsynlegt er að heimildir til erlendra fjárfestinga verði auknar á næstu árum. Það er mikilvægt að auka áhrif sjóðfélaga á stjórnir lífeyrissjóða og ábyrgð gagnvart eign sinni og gefa þeim frelsi til að velja um lífeyrissjóð. Þá er mikilvægt að fleiri aðilar hafi heimild til að varðveita og ávaxta lífeyri launþega.

Peningastefnan

Peningastefnan á að stuðla að vexti og viðgangi efnahagslífsins og aukinni velmegun. Mestu skiptir að verðlag sé stöðugt og vaxtakostnaður heimila og fyrirtækja sé ekki óhóflega hár. Reynsla síðustu ára sýnir að stöðugu gengi fylgir stöðugleiki í verðlagi. Mikilvægt er að ríkisfjármál, peningastefna og kjarasamningar spili saman svo vaxtamunur milli Íslands og helstu viðskiptalanda verði ekki úr hófi.

Íslenska krónan í höftum getur ekki verið framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar ef Íslendingar vilja eiga þess kost að taka átt í alþjóðlegri samkeppni. Kanna skal til þrautar upptöku myntar sem gjaldgeng er í alþjóðaviðskiptum í stað íslensku krónunnar og gefa landsmönnum og fyrirtækjum frelsi til að ákveða hvaða gjaldmiðill hentar þeim best.

Landsfundur leggur til að ríkisstjórnin ráði færustu erlendu sérfræðinga til að leggja mat á hvernig hægt er að skipta út verðtryggðu lánaumhverfi og taka upp lánakjör sem þekkjast í nágrannalöndum okkar. Með þessu er ekki tekin afstaða til þess hvort það sé rétt heldur eingöngu hvernig það væri framkvæmt.

Vinnumarkaðurinn

Sjálfstæðisflokkurinn styður að tekið verði upp vinnumarkaðsmódel að norrænni fyrirmynd. Miða skal við að launahækkningar fylgi framleiðni til langs tíma og að útflutningsgreinar setji viðmið fyrir launahækkningar. Ennfremur þarf ríkari aga í samningastefnu ríkissáttasemjara.